

## Fundargerð

34. fundur í Erfðanefnd landbúnaðarins  
Teams fjárfundur, 10. nóvember 2020 kl. 13:00 – 15:00

*Mættir:* Halldór Runólfsson (HR), formaður, Ólöf Ósk Guðmundsdóttir (ÓÓG), Brynja Hrafnkelsdóttir (BH) og Steinunn Garðarsdóttir (SG). Þorvaldur Kristjánsson (ÞK), Leó Alexander Guðmundsson (LAG) og Trausti Baldursson (TB).  
Auk þess sat fundinn Birna Kristín Baldursdóttir (BKB) sem ritaði fundargerð.

HR setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Samþykkt dagskrár

Dagskrá var samþykkt án athugasemda.

### 2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 33. fundi var samþykkt.

### 3. Staða mála frá síðasta fundi

- Rætt var um frystingu sæðis úr stóðhestum til langtíma varðveislu og fyrirspurn Péturs Halldórssonar hjá RML á síðasta fundi.  
Pétur var upplýstur um álit nefndarinnar sem er að æskilegt væri að fagrað hrossaræktar fjallaði um málið. Hann tók undir það að best væri að fagraðið fjallaði um málið.
- Erindi frá Daníel Hansen forstöðumanni Fræðaseturs um forystufé um aðstoð við að finna út hvaða ferli þarf að fara í gegnum til að fá viðurkenningu á forystufé hjá UNESCO fyrir húsdýrakyn í útrýmingarhættu.

Eitt þeim skilyrðum sem þarf að uppfylla fyrir slíka er að skráning gripa sé góð og er verið að vinna í því í samstarfi við RML. Forystufjársetur hefur fengið styrk frá erfðanefnd, ráðherra ofl. til að hægt sé að skrá hreinræktað forystufé sérstaklega í Fjávís. Beðið er eftir því að forritun hefjist, hefur staðið á forritun til að hægt sé að fara í breytingar.

- Afgreiðsla styrkumsókna, níu umsóknir bárust nefndinni og fimm styrkir veittir. Greitt var 75% af styrkuppþæðum.
- Lokaskýrslur 2019 - lokagreiðslur 25% greitt út

Erfðagreining á kynjahlutfalli í hrygningarstofnum laxfiska (2019), Arnar Pálsson ofl. samþykkt og eftirstöðvar greiddar.

Geitahald á Íslandi – greining á stöðugleika geitahalds í tímans rás (2019), Jón Hallsteinn ofl.  
lokaskýrsla samþykkt og eftirstöðvar greiddar.

- Ætíhvönn- lifandi minjar ræktunarsögu Norðurlanda. (2018) 700.000. búið að greiða 75%. Óskaði nefndin eftir ítarlegri lokaskýrslu BKB falið að hafa samband við styrkþega.
- Safeguarding the past legacy – future barley breeding endeavors (2018) 450.000, búið að greiða 75%. Óskaði nefndin eftir ítarlegri lokaskýrslu BKB falið að hafa samband við styrkþega.
- Tímarit Bændasamtakanna hefur óskað eftir umfjöllun um Erfðalindasetur og starf erfðanefndar landbúnaðarins. Tímaritið kemur út með vorinu mars-apríl. Verið að setja saman texta.
- Vinnuhópur Nordgen sem fjallar um CWR (Crops Wild Relatives) er að gera upplýsingabækling um mikilvægi varðveislu villtra ættingja ræktaðra nytjaplantna. Stefna að því að hafa farandssýningar á nokkrum stöðum í hverju landi til kynningar.
- Geitasæði var flutt út til Bandaríkjanna í júlí sl.
- GenResBridge <http://www.genresbridge.eu/> verið að vinna að stefnumörkun fyrir verkefnið. Þetta er verkefni styrkt af Horizon 2020 og er sameiginlegt fyrir plöntur, skóg og húsdýr.
- ERF in situ vinnuhópur hélt fund á netinu um miðjan ágúst.
- Aðalfundur ERF haldinn á netinu í lok ágúst hefur verið haldin í tengslum við árlega ráðstefnu Evrópsku búfjárræktarsamtakanna EAAP, ráðstefnunni verður að þessu sinni haldin á netinu í 1-4. desember.
- Nordgen húsdýraráð fundur var haldinn 10. september BKB og HR tóku þátt.
- FAO könnun um hvað sé til af erfðaefni úr húsdýrum á Íslandi, eingöngu sæði sem er geymt, naut, hrútar og hafrar.
- Riða í Skagafirði hefur áhrif á geitahald á bænum Grænamýri – allt fé skorið og 40 geitur líka, mikil blóðtaka fyrir svo lítinn stofn sem taldi á síðast ári 1471 grip.
- Verið er að vinna upplýsingatexta um íslenskt búfé til að birta á heimasíðu Nordgen, ásamt myndum [www.nordgen.org](http://www.nordgen.org)  
Búið að taka saman um um kýr, hesta og sauðfé.

#### 4. Rekstur 2020 og áætlun 2021

##### Erfðanefnd landbúnaðarinnar 2020

(Rekstraryfirlit 1. janúar - 10. desember)

##### **Tekjur:**

Óráðstafað eigið fé 1.1.2020	3.317.804
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við ANR (fyrrri hluti)	6.185.268
Seinni hluti greiðslu samkvæmt samningi áætlað	1.500.000
<b>Samtals</b>	<b>11.003.072</b>

##### **Gjöld:**

Lbhí v/ erfðalindaseturs á Hvanneyri	3.842.000
BSV v/ræktunar forystufjár, ferhyndra og feldfjár	130.000
Styrkir veittir 2020 75%	2.520.000
Auglýsing v/ styrkja Bændablaðið	73.042
Eftirstöðvar styrkja 25% (2 styrkir frá 2019)	450.000
ERFP árgjald (hefur verið 800 evrur)	111.454
<b>Samtals</b>	<b>7.126.496</b>

##### **Skuldbindingar:**

##### **Ógreiddar eftirstöðvar styrkja**

Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2017	175.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2018	662.500
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2019	425.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2020	840.000
	<b>2.102.500</b>

##### **Eigið fé:**

Rekstrarafgangur 10.11.2020	3.876.576
Framlag umfram ráðstöfun á árinu 2019	558.772
Samtals óráðstafað eigið fé 31.12.2020	<b>4.435.348</b>

##### **Eigið fé að frádregnum skuldbindingum:**

**2.332.848**

## Drög að áætlun fyrir 2021

### Tekjur:

Óráðstafað eigið fé 31.12.2020	4.435.348
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við ANR (áætlað)	7.500.000
Endurgreiðsla frá ERFPP vegna funda (áætlað)	200.000

---

**Samtals** **11.935.348**

### Gjöld:

LbhÍ v/ erfðalindaseturs á Hvanneyri	3.842.000
Isnic lén www.agrogen.is	5.980
BSV v/ræktunar forystufjár, ferhyndra og feldfjár	130.000
Styrkir	3.000.000
Auglýsing v/ styrkja Bændablaðið	80.000
Hvanneyrarhátíð (áætlað)	50.000
ERFP árgjald (hefur verið 800 evrur)	120.000
ERFP fundur/Birna	300.000

---

**Samtals** **7.527.980**

### Skuldbindingar:

#### Ógreiddar eftirstöðvar styrkja:

Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2017	175.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2018	662.500
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2019	425.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2020	840.000

---

**2.102.500**

#### Eigið fé:

Óráðstafað eigið fé 01.01.2021	4.407.368
Framlag umfram ráðstöfun á árinu 2020	- 27.980

---

**Samtals óráðstafað eigið fé 31.12.2020** **4.379.388**

#### Eigið fé að frádregnum skuldbindingum:

**2.276.888**

## 5. Önnur mál

Rætt var um gerð nýrrar heimasíðu fyrir nefndina [www.agrogen.is](http://www.agrogen.is)

*Afgreiðsla: BKB falið að leita tilboða fyrir vefsíðu og kanna hver kostnaður er.*

## 6. Næsti fundur

Áætlað er að halda næsta fund í maí 2021.